

Fulltrúaráðsfundur HRFÍ

17. febrúar 2012

Skrifstofa HRFÍ, Síðumúla 15, kl. 17:00-19:00

Alls mættu 33. Ekki mættu fulltrúar frá eftirfarandi deildum: Am. cocker spanieldeild, Boxerdeild, Deild íslenska fjárhundsins, Ensk cocker spanieldeild, Schäferdeild, Schnauzerdeild, Smáhundadeild, Spítzhundadeild, St. Bernharðsdeild og Terrierdeild.

Ritari: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Fundarstjóri: Anna María Flygenring

Getstur: Finn Boserup og Helga Finnsdóttir dýralæknar

Fundarefni:

1. **Alþjóðleg hundasýning** 25.-26. febrúar 2012
 - a) Nýtt húsnæði fyrir sýningar félagsins
 - b) Kynningarbásar
 - c) Aðstoð deilda á sýningum
2. **Sólheimakot – upplýsingar**
3. **Heilsufarskröfur – regla um PRA**
Finn Boserup og Helga Finnsdóttir svara fyrirspurnum
4. **Önnur mál**

Jóna Viðarsdóttir formaður HRFÍ setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Segir frá dagskránni og frá því að augnlæknarnir ætla að vera okkur innan handar varðandi PRA regluna.

Næsti fulltrúaráðsfundur: starf stefnumótunarteymis, bæklingur, dvd-diskur (Velkominn hvolpur), VÍS styrkir þann disk. Verður afhentur með öllum ættbókum. Vonandi verður líka fjallað um baráttumál félagsins. Frekar neikvæð umræða um hunda undanfarið, eitthvað sem við verðum að bæta úr. Nafnakall.

Anna fundarstjóri kynnir dagskrá fundarins fyrir fundarmönnum.

1. Valgerður: Fer yfir stöðu mála á starfsemi félagsins. Félagið finnur fyrir samdrætti og það kom greinilega í ljós milli 2010 og 2011. Mikill samdráttur í skráningum á sýningar sem er stærsta tekjulind félagsins. Dræm skráning á sýninguna í febrúar. Það sama er að gerast í öðrum löndum í Evrópu og oft þarf að hætta við sýningar vegna þessa. 20% minni starfsemi í öllum rekstri félagsins, t.d. ættbókarskráningar o.s.frv. Þetta hefur allt keðjuverkandi áhrif á alla starfsemi. Mikil uppsveifla var þó strax eftir hrunið, algjör sprenging en fer nú minnkandi með hverju árinu sem líður. Mikil fækkun á sýningum (munar 200 hundum milli ára á hverja sýningu).

Næsta sýning: Nýtt húsnæði. Samningurinn við Víðidal rann út um áramótin (var til 3 ára). Í nóvember fékk félagið tölvupóst frá Fáki þess efnis að ekki væri öruggt að fá húsnæðið fyrir sýninguna í febrúar. 14. desember var fundað – eftir fundinn fékk félagið tölvupóst þar sem fram kom að líklegast væri ekki möguleiki á að gera nema 1 árs samning. Þeir sögðust ekki vilja binda sig í meira en 1 ár.

Tilboð Fáks hljóðaði upp á hækkun á leigu og allt í einu vildu þeir fara að rukka fyrir augnskoðun sem áður var aldrei rukkað fyrir.

HRFÍ leist ekki á samninginn vegna hærri leigu og takmarkana á samningnum (til 1 árs). HRFÍ sendi gagntilboð þar sem tekið var fram að samdrátturinn hefði mikil áhrif á starfsemi félagsins. HRFÍ vildi gera þetta gagntilboð vegna þess að þeirra samningur hljóðaði aðeins upp á 1 ár.

13. febrúar fær félagið tölvupóst frá Fáki þar sem fram kemur að þeir eru ekki tilbúnir að taka gagntilboði. Mikið áfall og leit hófst að nýju húsnæði en þó hafði félagið haft augun opin fyrir ýmsum möguleikum í millitíðinni. Hringt var í Völu og félaginu boðið húsnæði í Klettagörðum frítt fyrir febrúarsýninguna. Ákveðið var að taka þessu tilboði enda frítt húsnæði í boði og hentugt fyrir sýninguna. Félagsmaður sem útvegaði þetta húsnæði og ef það verður frítt þá vonandi getum við notað það allt árið á meðan það er laust. Munar líka upp á að þurfa ekki að flytja sýningardótið þar sem það kostar alltaf sitt. Getum geymt allt þarna. Augnskoðun getur farið þarna fram.

Nýtt þema-nýtt skipulag.

Sameiginlegt opið svæði þar sem allir eru í sama rými (sölubásar, sýnendur, áhorfendur).

Lítill salur við hliðina á stóra salnum þar sem hægt er að vera með hunda sem þurfa mikla snyrtingu t.d. Nauðsynlegt að allir gangi vel um! Nýtt skipulag varðandi aðstoð deildanna. Unglingadeild verður með veitingasölu – fjáröflunarleið fyrir deildina (erlendar keppnir). Bekkir í kringum sýningarhringina. Bílastæði vonandi nægileg. Deildarbásar verða felldir niður í sparnaðarskyni næstu 3 sýningar allavega. Kristín Erla: deildir sjá sjálfar um deildarbásana, þarf ekki að nota þessi skilrúm sem félagið hefur útvegað hingað til. Væri jafnvel hægt að nota litla salinn við hliðina fyrir deildarbása. Deildarbásar á nóvembersýningunni?

Deildir sem eiga að aðstoða á febrúarsýningunni:

Am. cocker spanieldeild

Fjár- og hjarðhundadeild

Vorstehdeild

Papillon- og phalenedeild

Uppsetning hefst á sunnudaginn og er lokið við hana á miðvikudaginn.

Nauðsynlegt er að manna innganginn þannig að alltaf séu tveir saman við innganginn.

2-3 saman sem eru á svæðinu og fylgjast með öllu – að fólk gangi vel um.

2. Sólheimakot: Fundur 19. janúar með fulltrúum Mosfellsbæjar.

Vala segir frá fundinum:

Búið er að sækja um lóð undir gagnaver og óskað eftir samstarfi við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um uppbyggingu þess. Hugmyndin er að reisa gagnaverið á 10 hektara landsvæði í landi Sólheimakots. Svæðið er talið vera mjög vel staðsett með tilliti til aðgengis að orkulínunum Landsnets. Svæðið er talið hentugt fyrir þessa starfsemi. Gunnar Ármannsson sækir um lóðina fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags um verkefnið sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2008. Verkefnið getur skapað 500-1000 ný störf og hefur bæjarráð fagnað verkefninu og tekið jákvætt í það. Málið er aðeins á

byrjunarstigi. Samningur við HRFÍ var ræddur og mun hann gilda áfram út þetta ár. HRFÍ mun ekki leggja út í mikinn kostnað í endurbætur á húsnæðinu. Farið verður yfir hvað þarf nauðsynlega að endurbæta og senda Mosfellsbæ nýja framkvæmdaráætlun. Félagið mun hafa afnot af kotinu út árið 2012. Leggur ekki út í mikinn kostnað varðandi endurbætur.

3. Heilsufarskröfur – regla um PRA:

Finn Boserup og Helga Finnsdóttir.

Á stjórnarfundum í janúar var rætt við 4 deildir varðandi þessa reglu og ákveðið var að taka málið upp á fulltrúaráðsfundi þar sem Finn og Helga gætu svarað spurningum.

Ekki er möguleiki á DNA prófum fyrir þessar tilteknu tegundir. Anna býður fólki að koma í pontu og tjá sig um þetta. **Soffía Kwasenko**, Shih tzudeild: Hvergi skylda í heiminum að augnskoða shih tzu. Ekki hægt að flytja inn hunda og vera viss um að þau séu ekki til staðar. Búið að senda bréf á marga klúbba erlendis og enginn hefur viðurkennt að þetta sé vandamál. Skandinavía í heild sinni viðurkennir ekki þennan vanda. Það sem stendur til hjá deildinni er að fá genafræðing á Írlandi til að hjálpa deildinni. Hann er þekktur fyrir að hjálpa tibetan terrier í UK og hefur náð góðum árangri. Genافرæðingurinn er tilbúinn að koma til landsins. Búið að fá staðfest hjá tveimur sérfróðum aðilum að of mikil boð og bönn eru oft verri þegar stofninn er svo lítill. Betra að hafa vel skipulagða ræktunaráætlun til að fyrirbyggja sjúkdóminn.

Fundarmönnum finnst þetta ótrúleg staðreynd að aðrir klúbbar viðurkenni ekki þennan vanda.

Finn: Í fyrsta sinn sem þau tilfelli kom upp, stundum heldur fólk að þetta sé fyrsta tilfellið en staðreyndin er sú að fólk hefur ekki látið skoða hunda innan tegundarinnar.

Varðandi ST – ekkert DNA test – vitum ekki hvaða gen veldur þessu. Það eina sem hægt er að gera er að augnskoða og ef við eigum að notfæra okkur þetta er nauðsynlegt að halda þessu vel saman.

Ef horft er á allar tegundir þar sem PRA þekktist. Foreldrar hundsins verða að hafa amk eitt gen sem veldur þessu. Við vitum að báðir foreldrar eru berar. Sumir hundar geta verið fríir en eru að þróa með sér sjúkdóminn. Maður veit aldrei og þess vegna er kannski ekki sniðugt að rækta frá mjög ungum hundum.

Soffía: hún ráðlagði okkur að nota okkar eigin hunda sem eru nú þegar á Íslandi í staðinn fyrir að flytja inn hunda sem við vitum ekkert um. Mun þetta að halda sig við ákveðna ræktunarstefnu.

Finn: Í DK: engar kröfur varðandi augnskoðun. Sumir ræktendur láta hunda sem greinast með PRA bara hverfa og segja ekki neinum frá. Það eina sem gæti verið vandamál í litlum tegundum er að ef horft er of mikið á einhvern einn hlut er hætt á að eitthvað nýtt komi fram. Eins og með tibetan terrier, það sama gerðist og eftir ákveðinn tíma var allt í einu komið upp mjaðmalos þar sem of mikil innræktun átti sér stað sem olli öðrum sjúkdómum en þeim sem allir voru að reyna að losna við. Nauðsynlegt er að skoða hvað er það mikilvægasta í hverri tegund en nauðsynlegt er að einblína ekki algjörlega á eitthvað eitt! Gott að hafa þetta allt á bakvið eyrað – EN – stundum eru sjúkdómarnir kannski ekki alveg jafn alvarlegir. F: Ef þið ætlið algjörlega að losna við þetta verður að banna ALLA. Sem verður til þess að við endum með endalaus innræktun.

F: Hve margir ST eru nothæfir?

Soffía: Ekki svo margir eftir að þau komu upp. Það gæti gert meiri skaða að banna svona marga hunda heldur en ekki þar sem stofninn er svo lítill. Því við vitum ekki hvernig þau erfist í þessari tegund.

Tafla um þessar tegundir:

Ekki slæmt ef prósentan er um 5% en um leið og prósentan fer upp í 21% þá hringir viðvörunarþöllum.

Kristín Erla: Ef það er got og þar kemur eitt þra tilfelli. Ætti að banna hálf systkini ef þau eru greind frí?

Finn: Ef pörun gefur 1 þra (jafnvel þótt hvolparnir eru 20) þá getum við verið viss um að foreldrar séu berar. Það er alltaf pottþétt. Vandamálið er að við getum ekki séð hverjir verða svo berar og ekki berar. Þess vegna er svo gott að hafa þessi DNA test því við vitum hverjir eru berar. Spurningin er að banna aðallega þessa tvo bera sem voru paraðir saman. The more dogs u can take out the quicker u will eliminate the disease. The risk is if you will get another problems or not. Það er algjörlega ræktendanna að ákveða þetta. Mismunandi reglur varðandi PRA í tegundum. Fer eftir því hvað klúbbarnir segja. Það er alltaf þessi áhætta samt sem áður á nýjum sjúkdómum og innræktun. Það er ekkert eitt svar og það er svo margt sem þarf að skoða hverju sinni, hvaða áhættu viltu taka? Annað hvort að losna alveg við þra og fá það eitthvað nýtt í staðinn, t.d. slæma skapgerð, sjúkdóma o.s.frv. Þetta á sérstaklega við um litla stofna. Eftir því sem stofninn er stærri er auðveldara að gera meiri kröfur – ekkert eitt svar er rétt og það er vandamálið við líffræði. Erfiðara ef stofninn er lítill þar sem innræktun er aldrei góð.

Soffía: Held að það sé best að setja saman ræktunaráætlun fyrir tegundina og ákveða hvað er nauðsynlegt að einbeita sér að, hvað verður í forgangi.

Finn: Alltaf nauðsynlegt að testa eins marga og hægt er.

Soffía: við verðum að hafa í huga að við getum ekki flutt inn því hundarnir úti eru ekki augnskoðaðir og ekkert gert til að minnka þra.

Finn: þetta er alltaf áhætta en stundum þarf maður að taka smá áhættu. Fyrir mörgum árum þegar genið fyrir þra var fundið í írskum setter hugsuðu allir að innan 2 ára myndum við hafa test fyrir allar tegundir. En svo er ekki því það er svo misjafnt eftir tegundum hvaða gen þetta er sem veldur þessu. Þegar farið er í að finna út hvaða gen veldur þessu er það líka alltaf spurning um peninga. Þeir sem eru að standa í þessu verða að vera nokkuð vissir um að þetta skili einhverjum hagnaði.

Auður Sif: Mér finnst nauðsynlegt að fólk viti að hálf systkini og systkini eru ekki sami hluturinn. Geturðu staðfest það fyrir öllum hér.

Finn: Það er rétt, þetta er ekki það sama en maður verður alltaf að hugsa um áhættuna hverju sinni og stærð stofnsins hverju sinni um hvort banna eigi hálf systkini eða bara alsystkini.

Bogga: danska reglan segir að sýkti hundurinn (og systkini) og foreldrar eru teknir úr ræktun. Hver er árangurinn?

Finn: Árangurinn hefur verið góður – ekki mörg tilfelli. Mitt besta ráð (mitt persónulega). Testið eins marga og þið getið! Það er það eina sem virkilega segir ykkur eitthvað, bæði unga og eldri hunda. Segjum sem svo að núna tökum við alla hunda yngri en 3 ára væri ekki gáfulegt því maður veit aldrei hvenær þra greinist. Stundum greinist það í eldgömlum hundum og þá er nauðsynlegt að hafa það á hreinu því viðkomandi hundur hefur kannski eignast hvolpa í gegnum tíðina. Tekur rottweiler sem dæmi sem allt í einu fóru að greinast með cataract en ræktendurnir þóttust ekkert kannast við vandamálið. Vandamálið varð svo stærra og stærra og upp komu þra tilfelli sem voru enn alvarlegri en cataract. Látið alltaf skoða hundana bæði unga og gamla. Þegar þið hafið nægar upplýsingar um hvenær (um hvaða aldur) hundarnir sýna einkenni þá vitum við hvenær við þurfum ekki endilega að skoða þá (kannski minnka kröfurnar í 2 ára frest) því við vitum að flestir þeirra sýna einkenni í kringum ákveðinn aldur. Tekur íslenska fjárhundinn sem dæmi. Þegar eitthvað svona prógram hefur verið í gangi er alltaf hægt að endurskoða því við vitum meira núna en þegar við byrjuðum!

Soffía: það er rosalega erfitt að fá fólk oft aftur í augnskoðun þar sem það kostar peninga og ekki allir hugsa um hag tegundarinnar.

Finn: það þarf að reyna að sannfæra fólk um að þetta sé tegundinni í hag, gera tegundina heilbrigðari. Sumir ræktendur í aussie í DK láta eigendur skrifa undir samning um að augnskoða hundana 3 sinnum um ævina. Útskýra fyrir eigendum að þetta sé nauðsynlegt til að koma sjúkdómnum úr tegundinni. Alltaf hægt að fá sponsora...til dæmis þegar deildir ákveða að koma upp einhverju prógrami.

Jóna: gott að fá þessi svör frá Finn. Alltaf nauðsynlegt að endurskoða og bera saman hvað er að gerast í hinum löndunum. Þess vegna er nauðsynlegt að ábyrgt fólk sitji í ræktunarstjórnnum.

4. Önnur mál

Pétur Alan: hvað er að fréttu af tölvukerfinu?

Jóna: verið að villuprófa tölvukerfið.

Pétur Alan: kortafyrirtæki bjóða upp á ýmsa möguleika varðandi það að borga með korti í gegnum læst svæði á internetinu.

Jóna: kerfið núna er þannig að við þurfum að handslá allt inn.

Fundi slitið.